

**174. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,  
2. október 2020 og hófst hann kl. 11:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1911054 - Leikskóli Skógarhverfi - hönnun**

Sameiginlegur fundur skipulags- og umhverfisráðs og skóla- og frístundaráðs um hönnun leikskóla í Skógahverfi.

*Fyrir liggur hugmynd um að leikskólabyggingin fái Svansvottun. Hönnuðir hússins hafa í þeim tilgangi unnið gróft kostnaðarmat, sem sýnir að framkvæmdakostnaður verður um 5% hærri ef þessi leið verður valin, sem einkum skýrist af því að enn sem komið er felst talsverður kostnaður í lærdómsferlinu við að tileinka sér aðferðafræðina bæði í hönnun og framkvæmdum.*

*Skipulags- og umhverfisráð og skóla- og frístundaráð leggja áherslu á að horft sé til umhverfislegra áhrifa við hönnun leikskólans s.s. efnisnotkunar, innivist, hljóðvist, flokkun úrgangs o.fl.*

*Hinsvegar verði ekki farin sú leið að Svansvotta leikskólann meðal annars m.t.t. kostnaðarauka og þess að ákveðið lærdómsferli er í gangi varðandi þá vottun hér á landi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.**

*Sig. P. H.*